

Samþykktir Sambands sveitarfélaga á Austurlandi

1. gr.

Samband sveitarfélaga á Austurlandi, (skammstafað SSA), er samstarfsvettvangur sveitarfélaga á Austurlandi.

2. gr.

Meginmarkmið SSA eru að;

- vinna að hagsmunum sveitarfélaganna á Austurlandi, einkum í atvinnu-, efnahags-, mennta-, skipulags-, samgöngu- og félagsmálum,
 - berjast fyrir auknum jöfnuði til búsetu milli landshluta svo sem hvað varðar orkuverð, vöruverð, aðstöðu til náms, aðgang að heilbrigðisþjónustu og menningarstarfsemi,
 - stuðla að víðtækri þekkingu sveitarstjórnarmanna á verkefnum sveitarstjórna og vinna að því að gera verkefni sveitarstjórna eftirsóknar- og áhugaverð,
 - hafa forgöngu um byggðaþróunarverkefni í landshlutanum.
- Unnið skal að ofangreindum meginmarkmiðum í nánu samstarfi við Austurbrú ses.

Stjórn SSA ber að vinna að framangreindum og öðrum hagsmunamálum sveitarfélaganna í landinu, t.d. í samstarfi við [ráðuneyti, ríkisstofnanir](#), önnur landshlutasamtök og/eða Samband íslenskra sveitarfélaga.

Deleted: stýrihóp Stjórnarráðsins um byggðamál

3. gr.

Aðalfundur SSA skal haldinn ár hvert, eigi síðar en í maí. Það ár sem kosið er til sveitarstjórna skal [haldinn aukaaðalfundur í júní, þar sem ný stjórn tekur við störfum](#). Stjórn boðar til aðalfundar með minnst fjögurra vikna fyrirvara og skal hún senda sveitarstjórnnum og gestum fundarins dagskrá hans eigi síðar en 10 dögum fyrir fund. Aðalfundur er lögmaður ef hann er löglega boðaður.

Deleted: fresta stjórnarkjöri til haustþings

Á aðalfundi skulu tekin fyrir þessi mál:

- Skipun fundarstjóra og fundarritara
- Skýrsla stjórnar
- Fjárhagsleg málefni kynnt (sbr. 10. gr)
- Tillögur um breytingar á samþykktum (ef við á)
- Niðurstöður nefnda sem stjórn hefur skipað fyrir aðalfund (ef við á)
- [Staðfesting á breytingu á stjórn, hafi sveitarstjórn kostið fulltrúa að nýju](#)
- Önnur mál

Deleted: Kjör stjórnar (þegar við á)

Haustþing skal halda eigi síðar en 15. október ár hvert, þar er fjallað um hagsmunamál sveitarfélaganna. Á því skulu fastanefndir starfa og er það ályktunarbært um stefnumál SSA. Þingmenn kjördæmisins og ráðherra sveitarstjórnarmála skulu boðaðir til þingsins til samráðs. Ber stjórn að halda haustþing sem víðast á starfssvæðinu.

Aukafundir skulu haldnir, þegar stjórn telur ástæðu til, þegar fjórðungur sveitarstjórnarfulltrúa á svæðinu óskar þess [eða samkvæmt fyrirmælum samþykktu þessara](#), enda sé fundarefni tilgreint. Boðað skal til aukafunda með a.m.k. viku fyrirvara.

Deleted: eða

Allir fundir samkvæmt þessari grein eru fulltrúafundir.

4. gr.

Fulltrúar á fulltrúafundum eru aðalmenn í sveitarstjórn eða varamenn þeirra. Atkvæðaréttur hvers sveitarfélags ræðst af íbúatölu sveitarfélagsins þann 1. janúar ár hvert og deilist atkvæðafjöldi hvers sveitarfélags jafnt niður á alla aðalmenn í sveitarstjórn. Í kjörbréfum skal koma fram hvað hver fulltrúi fer með mörg atkvæði.

Heimilt er sveitarstjórnarmanni að framselja atkvæðarétt sinn til eins eða fleiri þingfulltrúa frá eigin sveitarfélagi, sjái varamaður hans sér ekki fært að mæta í hans stað. Framselji aðalmaður atkvæðarétt sinn til annarra þingfulltrúa, skal hann senda tilkynningu þar um til SSA eigi síðar en við upphaf fundar. [Hafi slíkt framsal ekki átt sér stað og ljóst að ekki verður mætt af hálfu aðalmanns í sveitarstjórn, skal atkvæðavægi mættra fulltrúa frá sveitarfélaginu hækka hlutfallslega, þannig að atkvæðafjöldi sveitarfélagsins verður fullnýttur.](#)

Frankvæmdastjóri SSA/Austurbrúar og frankvæmdastjórar sveitarfélaga á sambandssvæðinu eiga sæti á fundum þess og hafa þar málfrelsi og tillögurétt. Eigi hafa þeir atkvæðisrétt, nema þeir séu aðal- eða varamenn í sveitarstjórn. Boðsgestir funda, t.d. þingmenn Norðausturkjördæmis, starfsmenn stofnana sem tengjast SSA og þeir sem sæti eiga í starfsnefndum á vegum þess, hafa málfrelsi á þeim.

5. gr.

[Stjórn skal taka við störfum á aukaaðalfundi sem halda skal í júní á því ári sem sveitarstjórnarkosningar fara fram. Á fundinum skal farið yfir kjör sveitarstjórna á fulltrúum í stjórn og fráfarandi stjórn kynna nýrri stjórn málefni SSA.](#)

[Á fyrsta fundi nýkjörinnar sveitarstjórnar skal hún kjósa úr hópi kjörinna fulltrúa í sveitarstjórn, aðalmenn og varamenn í stjórn SSA í samræmi við neðangreint.](#)

[Sveitarfélag með 3.000 íbúa eða fleiri: Tveir aðalfulltrúar annars vegar og tveir varafulltrúar hins vegar. Skal fyrsti kjörni varafulltrúi vera til vara fyrir fyrsta kjörna aðalfulltrúa og eins skal annar varafulltrúi vera fyrir annan aðalfulltrúa.](#)

[Sveitarfélag með 300 íbúa eða fleiri: Einn aðalfulltrúi annars vegar og einn varafulltrúi hins vegar.](#)

Eigi sveitarfélag ekki stjórnarmann getur það [kosið](#) áheyrnarfulltrúa sem hefur seturétt á stjórnarfundum SSA, sem og varaáheyrnarfulltrúa.

Enginn má eiga sæti í aðalstjórn lengur í senn en [átta](#) ár, en kjósa má hann aftur, þegar liðin eru fjögur ár frá stjórnarsetu.

[Kjör fulltrúa í stjórn gildir fram að aukaaðalfundi skv. 1. mgr. Sveitarstjórn getur kosið nýja fulltrúa í stjórn á kjörtímabili, svo sem ef sveitarstjórnarmaður missir kjörgengi eða af öðrum ástæðum. Slík kosning verður virk á næsta aðalfundi SSA.](#)

6. gr.

Deleted: Á aðalfundi skal kjósa stjórn fyrir sambandið til tveggja ára í senn

Deleted: Skal stjórn skipuð 5 mönnum og jafnmörgum til vara úr hópi kjörinna fulltrúa í sveitarstjórn á sambandssvæðinu.

Deleted: tilnefnt

Deleted: sex

Deleted:

Deleted: Ef stjórnarmaður hættir á kjörtímabilinu afskiptum af sveitarstjórnarmálum tekur varamaður við og nýr aðalmaður er kjörinn á næsta aðalfundi. Hætti varamaður, skal stjórn - að höfðu samráði við heimasveitarfélag - skipa nýja varamann til næsta aðalfundar....

Stjórnin skiptir sjálf með sér verkum og kýs úr sínum röðum formann og varaformann. [Er kjörtímabil þeirra hið sama og stjórnar. Formaður skal ekki koma frá sama sveitarfélag og á undanfarandi kjörtímabili.](#) Stjórn fer með málefni sambandsins á milli [fulltrúa](#) fundu.

Deleted: aðal

Stjórn SSA hefur það hlutverk að sitja sem fulltrúar sveitarstjórnarstigsins í stjórn Austurbrúar.

Stjórn SSA boðar fulltrúa Norðausturkjördæmis í stjórn Sambands íslenskra sveitarfélaga, sem búsettur er á starfssvæði SSA, á fund sinn ef ástæða þykir til, þó eigi sjaldnar en tvisvar á ári.

Stjórnin skal vinna að framkvæmd þeirra mála, sem aðal- og fulltrúafundir ákveða, svo og öðrum málefnum, er varða hagsmuni landshlutans hverju sinni og/eða til hennar kann að verða vísað.

Stjórn skal og;

1. vinna að því að efla samstarf sveitarfélaganna innan landshlutans,
2. sjá um almenna kynningu á Austurlandi, halda á lofti kostum landshlutans og vinna að því að efla samkennd íbúa hans og styrkja þjóðfélagslega stöðu þeirra,
3. vinna að því að auka áhrif íbúa landshlutans varðandi ákvarðanir og ráðstöfun fjármagns.

[Leitast skal við að fundir stjórnar séu ávallt fullskipaðir.](#) Komi til óviðráðanlegra forfalla aðalmanns skal kalla til varafulltrúa með eftirfarandi hætti. [Fyrst skal boða varafulltrúa viðkomandi aðalfulltrúa. Komist sá ekki til fundar skal næst boða hinn varafulltrúa viðkomandi sveitarfélags, eigi sveitarfélagið tvo fulltrúa í stjórn. Komist varafulltrúi sama sveitarfélags ekki til fundar er heimilt að boða hvaða varafulltrúa sem er til fundarins.](#) [Varafulltrúar sem taka sæti aðalfulltrúa á stjórnarfundum hafa í öllum tilfellum sömu réttindi og aðrir stjórnarmenn, þ.m.t. fullan atkvæðisrétt.](#)

Deleted: og varamanns hans skal boða annan varamann á boðaðan stjórnarfund

Deleted: Hafa slíkir varamenn í þeim

Deleted: öll

Stjórnin skal haga störfum sínum þannig að eigi sjaldnar en einu sinni á reglulegu kjörtímabili sveitarstjórna geti sveitarfélög óskað eftir samráðsfundi með stjórn.

Stjórn [er heimilt, að eigin frumkvæði eða samkvæmt ákvörðun fulltrúafundar, að skipa í starfsnefndir kjósa fulltrúa í nefndir, ráð og á opinbera fundi eftir því sem tilefni gefast, eða lög kveða á um hverju sinni.](#) [Hyggist stjórn skipa í nefndir til starfa á fulltrúafundum skal taka ákvörðun um slíkt þegar ákvörðun er tekin um boðun fundarins og skal tilgreint í fundarboðinu hvaða nefndir skulu starfa á fundinum.](#)

Deleted: skal

Deleted: eftir aðstæðum hverju sinni

7. gr.

Hvorki stjórn, né fundir SSA skulu hafa afskipti af sérmálum einstakra sveitarfélaga, nema þess sé óskað af viðkomandi sveitarstjórn, enda gangi afskiptin ekki gegn hagsmunum annarra sveitarfélaga á sambandssvæðinu.

8. gr.

Á haustþingi ár hvert skal afhenda „Menningarverðlaun SSA“ til einstaklinga eða félagasamtaka skv. tilnefningum þar um. Stjórn SSA setur nánari reglur um verðlaunafé og með hvaða hætti úthlutun fer fram.

9. gr.

Austurbrú heldur utan um rekstur SSA samkvæmt samningi. Framkvæmdastjóri Austurbrúar er jafnframt framkvæmdastjóri SSA og hefur á hendi þau störf, sem stjórn þess felur honum.

Starfslýsing, er kveður á um helstu verkefni framkvæmdastjóra fyrir SSA, skal vera hluti af ráðningarsamningi Austurbrúar við hann.

10. gr.

Reikningsár sambandsins er almanaksárið.

Fyrir aðalfund skal stjórnin leggja reikninga sambandsins fyrir síðastliðið reikningsár og fjárhagsáætlun fyrir næsta fjárhagstímabil. Bæði reikningarnir og fjárhagsáætlunin skulu hafa verið send sveitarstjórnnum eigi síðar en 10 dögum fyrir aðalfund. Fundurinn skal úrskurða reikningana, afgreiða fjárhagsáætlunina og ákveða stjórnar- og nefndalaun komandi starfsárs.

Árlegt framlag hvers sveitarfélags skal vera hlutfall þess af heildar skatttekjum og framlögum úr jöfnunarsjóði næst liðins árs á starfssvæðinu. Grunnfjárhæð framlaga tekur breytingum árlega miðað við þróun staðgreiðsluhlutfalls starfssvæðisins eða samkvæmt öðrum viðmiðum eftir tillögum stjórnar og fjárhagsnefndar. Aðalfundur samþykkir framlög næsta árs sem hluta af fjárhagsáætlun.

Gjalddagar skulu vera tveir, 1. mars og 1. október með jöfnum greiðslum og er skrifstofu sambandsins heimilt að reikna hæstu lögleyfðu dráttarvexti hverju sinni á vanskil, hvern mánuð sem kominn er fram yfir eindaga. Eindagi telst seinasti virkur dagur gjalddagamánaðar.

11. gr.

Gestgjafi [fulltrúafundar](#) (þ.e. heimasveitarfélag þar sem fulltrúafundir eru haldnir) leggur til fundaraðstöðu, en SSA ber annan kostnað [af fundinum](#).

12. gr.

Heimilisfang sambandsins skal vera í því sveitarfélagi, sem skrifstofa þess er í hverju sinni.

13. gr.

Breyta má samþykktum þessum á aðalfundi. Tillögur um breytingar skal jafnan tilkynna með fundarboði. Um endurskoðun samþykktanna, úrgöngu einstakra sveitarfélaga, slit sambandsins o.fl. atriði gilda að öðru leyti ákvæði sveitarstjórnarlaga um samvinnu sveitarfélaga.

Samþykkt á aðalfundi SSA.

Deleted: í Neskaupstað, 23. júní 2020